

Ed.

88. Nefndarálit

[9. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán fyrir bæjarútgerð Siglufjarðar og h.f. Bjólf á Seyðisfirði.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta hefur ríkisstjórnin lagt fram til þess að fá staðfestingu Alþingis á bráðabirgðalögum frá 30. marz s. l.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frumvarpið og kynnt sér nauðsyn þá, er til þess bar að gefa út bráðabirgðalögin. Mælir nefndin með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Einn nefndarmaður (HG) áskilur sér þó rétt til þess að flytja breytingartillögur við frumvarpið.

Alþingi, 22. okt. 1953.

Bernh. Stefánsson,
form.

Lárus Jóhannesson,
fundaskr.

Karl Kristjánsson,
frsm.

Gísli Jónsson.

H. Guðmundsson.